

Reglur um árangursviðmið reynsluflokks

1. gr. Vörutegund í reynsluflokki þarf að uppfylla bæði árangursviðmiðin sem fram eru sett í neðangreindri töflu til að fá tilfærslu í kjarnaflokk.

Vöru- vals- deildir	Lágmarks- framlegð í þús. kr.	Hámarksfjöldi vara sem getur flust úr reynslu í kjarna í hverjum mánuði.											Samtals	
		jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv		des
B1	120		5				5				5			15
B2	90		2				2				2			6
B3	90		2				2				2			6
B4	120		2				2				2			6
V1	60	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7	84
V2	90		4				4				4			12
V3	60		2				2				2			6
F1	60		3				3				3			9
S1	60		3				3				3			9
S2	60		7				7				7			21
		7	37	7	7	7	37	7	7	7	37	7	7	174

2. gr. Vöruvalsdeildir: sjá 9. mgr. 2. gr. og 15. gr. vöruvalsreglugerðar, nr. 755/2011. Sjá einnig vöruvalsdeildatöflu.

3. gr. Lágmarksframlegð er sú framlegð sem vara verður að ná á undanfarandi 12 mánaða tímabili fyrir tilfærslu.

4. gr. Þegar vara, sem tilheyrir vöruvalsdeild B1, B2, B3, B4, V2, V3, F1, S1 eða S2, hefur lokið 12 mánaða tímabili í reynsluflokki skal hún halda sæti sínu í reynsluflokki fram að næstu tilfærslu í kjarnaflokk ef framlegð hennar á undanfarandi 12 mánaða tímabili nær lágmarksframlegð fyrir viðkomandi vöruvalsdeild. Við hverja tilfærslu gildir framlegð vöru á hverju undanfarandi 12 mánaða tímabili óháð fjölda mánaða sem vara hefur verið í reynsluflokki.

5. gr. Hámarksfjöldi vara, í hverri vöruvalsdeild, sem færst getur úr reynsluflokki í kjarnaflokk við hverja tilfærslu er takmarkaður. Ef fjöldi þeirra vara sem ná lágmarksframlegð, við hverja tilfærslu, er meiri en hámarksfjöldi vara þá fá framlegðarhæstu vörunar tilfærslu. Sé framlegð vara jöfn skulu báðar vörur fá tilfærslu.

6. gr. Reglur þessar eru settar með vísan til 3. mgr. 5. gr. sbr. 2. mgr. 15. gr. vöruvalsreglugerðar nr. 755/2011 og koma í stað *Reglna um vöntun í vörudeildir*, dags. 27. mars 2014. Reglur þessar öðlast gildi 1. febrúar 2015.

Reykjavík, 27. október 2014,

Ívar J. Arndal